



# Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Hallveigarstöðum v/Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is), [www.krfi.is](http://www.krfi.is)

1. tbl. 2010 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands

verður haldinn

fimmtudaginn 18. mars 2010 kl. 17:00

í samkomusal Hallveigarstaða, Túngötu 14 Reykjavík.

### Dagskrá fundar:

Skýrsla stjórnar og reikningar

Skýrslur nefnda og fulltrúa KRFÍ í nefndum og stjórnnum

Kjör stjórnar (stjórn gefur kost á sér til endurkjörs)

Önnur mál

Veitingar

Allir skuldlausir félagar hafa atkvæðisrétt á fundinum. Verið velkomin!

## Afmælisárið mikla

Á árinu 2010 er ýmsum tímamótum fagnað í kvenréttindabaráttunni. Ef farið er yfir árið í tímaröð má fyrst nefna að 1. febrúar sl. átti Kvenfélagasamband Íslands 80 ára afmæli og var haldið upp á daginn á Hallveigarstöðum.

8. mars 1990 voru Stígamót stofnuð og var haldið upp á 20 ára afmælið í Sjóminjasafninu. 8. mars er ennfremur alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti og eru 100 ár síðan konur komu saman í Kaupmannahöfn á þingi Alþjóðasambands sósíalískra verkakvenna og ákváðu að hittast árlega og vinna að baráttumálum sínum sem í byrjun snérust helst um kosningarétt kvenna. Lengi var þetta baráttudagur kvensósíalista og á Íslandi var dagsins fyrst minnst á árshátíð Kvenfélags Sósíalistaflokksins, 8. mars 1948. Með nýju kvannahreyfingunni á 7. og 8. áratugnum vaknaði áhugi fyrir 8. mars á ný og á kvennaáratugnum lýstu Sameinuðu þjóðirnar 8. mars alþjóðlegan baráttudag kvenna fyrir friði og jafnrétti. Menningar- og friðarsamtökin MFÍK hafa minnst dagsins frá stofnun samtakanna árið 1951. Frá árinu 1984 hafa ýmis samtök og stéttarfélag gengið til liðs við Menningar- og friðarsamtökin um dagskrá þann 8. mars, þ.á.m. KRFÍ, og í ár var venju samkvæmt hátíðardagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur á þessum degi.

19. júní 1915 fengu íslenskar konur, 40 ára og eldri, kosningarétt á Íslandi og verður þess minnst sérstaklega í ár. Einnig kemur út 50. árgangur af ársriti Kvernéttindafélags Íslands: *19. júní*.

24. október verða síðan 35 ár liðin frá því að íslenskar konur komu saman í miðborg Reykjavíkur og fleiri stöðum á landinum og kröfðust jafnréttis og viðurkenningar á vinnuframlagi sínu. Viðburðurinn vakti heimsathygli og verður minnst í ár með alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík um kynbundið ofbeldi sem Kvannahreyfingin á Íslandi skipuleggur. Mánudaginn 25. október verður síðan baráttufundur í Reykjavík þar sem kynbundnu ofbeldi verður mótmælt. Hægt verður að fylgjast með undirbúningnum og nálgast upplýsingar um viðburðina á heimasíðunni : [www.kvennafri.is](http://www.kvennafri.is)

Einnig er mörg önnur tímamót sem hægt er að minnst á. Til dæmis eru 40 ár frá því Rauðsokkurnar voru stofnaðar, 30 ár frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands (og Vigdís fagnar sjálf 80 ára afmæli sínu í apríl), og 15 ár eru síðan Peking-framkvæmdaáætlunin var samþykkt á fundi Sameinuðu þjóðanna í Peking, svo eitthvað sé nefnt.

Við hvetjum félag okkar til að fylgjast með á heimasíðunni þar sem allir viðburðir félagsins sem og systrafélaga og samstarfsaðila eru auglýstir. Þar kemur stjórn KRFÍ ennfremur á framfæri yfirlýsingum sínum og ályktunum.

**Næsti súpufundur KRFÍ verður fimmtudaginn 6. maí kl. 12-13 á Hallveigarstöðum við Túngötu. Fundarefni verður borgar- og sveitarstjórnarkosningarnar.**